

Stjórnvöld tryggja réttaröryggi geðsjúkra



Geðhjálp hvetur stjórnvöld til að skipa eftirlitsnefnd eða grípa til annarra úrræða til að tryggja að ekki sé brotið á stjórnarskrárvörðum réttindum fólks með geðræna erfiðleika. Þá vilja samtökin koma í veg fyrir beitingu lögregluvalds við innlögn geðsjúkra.

Héðinn Unnsteinsson sagði frá því í Kastljósi í gær að honum hefði verið sýnað um innlögn á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri á grundvelli skoðana sinna á íslenskri geðheilbrigðisþjónustu.

Í fréttatilkynningu frá Geðhjálp segir að með synjuninni nýti sjúkrahúsið sér valdaójafnvægi stofnunarinnar gagnvart viðkomandi einstaklingi til að brjóta á stjórnarskrárvörðum réttindum hans til tjáningarfrelsis og aðgangs að heilbrigðisþjónustu ásamt réttindum hans samkvæmt Samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðra.

Með hliðsjón af þessu hvetur Geðhjálp stjórnvöld til að skipa eftirlitsnefnd eða umboðsmann sjúklinga, sem tæki við kærur frá sjúklingum og gerði úttekt á þjónustu geðheilbrigðisstofnana.

Vilja stöðva beitingu lögregluvalds gegn geðsjúkum

Geðhjálp hvetur einnig til þess að skipað verði þverfaglegt teymi til að taka á móti sjúklingi í geðrofi, og þannig koma í veg fyrir að gripið sé til lögregluvalds til að færa sjúkling á sjúkrahús, og nauðung í lækniþjónustu verði aflétt.

„Núna er yfirvofandi endurskoðun á lögræðislögum og þar er tækifæri til þess að draga úr ofbeldi og þvingun í geðheilbrigðisþjónustu. Það hefur verið helsta baráttumál okkar lengi. Það liggja fyrir breytingar á lögum og við hefðum viljað að gengið yrði lengra. Við viljum ekki að sjúkt fólk sé dregið í lögreglubíla og handjarnað til að færa það á sjúkrahús. Við viljum að það komi þverfaglegt teymi til fólks og það sé reynt í lengstu lög að beita ekki ofbeldi. Það er enginn annar sjúklingahópur sem býr við þessa sömu ógn og þessi hópur býr við í gildandi lögræðislögum,“ segir Anna Gunnhildur Ólafsdóttir, framkvæmdastjóri Geðhjálpar.

Eins vilja samtökin að það verði ekki á ábyrgð fjölskyldu eða vina að fara fram á nauðungarvistun eða sjálfræðissviptingu ættingja eða vinar.

<http://www.ruv.is/frett/stjornvold-tryggi-rettaroryggi-gedsjukra>